

*Vettvangsnám í grunnskólakennarafræði*  
*Handbók*

*Háskóli Íslands*  
*Menntavísindasvið*

## Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Markmið með vettvangsnámi .....	5
Fylgiskjal I .....	5
Hæfniviðmið:.....	5
Fylgiskjal II .....	6
Áherslur í vettvangsnámi.....	6
Grunnnám .....	7
Fyrsta ár.....	7
Annað og þriðja ár .....	7
Framhaldsnám.....	8
Fyrsta ár.....	8
Annað ár .....	8
Samstarfsskólar .....	9
Heimaskóli .....	10
Tengiliður - námssamningur.....	10
Fylgiskjal III .....	12
Kennaranemi .....	12
Fylgiskjal IV .....	14
Leiðsagnarkennari .....	14
Háskólakennari.....	15
Námsmat .....	16
Ferilmappa vettvangsnáms .....	17
Óvænt atvik .....	18
Heimildir um vettvangsnám .....	19



## **Formáli**

Í kennaranámi hefur vettvangsnám alltaf verið einn af grunnþáttum námsins. Í þessari handbók er fjallað um markmið með vettvangsnámi og samstarf og hlutverk kennaranema, vettvangs- og kennaramenntunarstofnunar. Gagnlegt er að hver aðili þekki hlutverk sitt og viti hvers hann getur vænst af öðrum. Þessari handbók er ætlað að skýra rammann sem er um samstarfið og vettvangsnámið. Handbókin hefur verið í smíðum á miklum breytingartímum í skipulagi kennaranámsins bæði vegna lengingar þess og fækkunar kennaranema í kjölfar þess. Þórdís S. Mósesdóttir skrifaði drög að handbókinni en starfshópur hefur síðan unnið drögin áfram og breytt í samræmi við breytingar á kennaranáminu. Í starfshópnum voru Guðbjörg Pálsdóttir, Halla Jónsdóttir, Sigríður Pétursdóttir og Embla Uggadóttir.

## Markmið með vettvangsnámi

Vettvangsnám er mikilvægur þáttur kennaramenntunar. Í vettvangsnámi eru kennaranemar að kynna sér skólastarf í heild sinni ásamt kennslu og starfsháttum á ákveðnu námssviði eða námsgrein sem þeir hyggjast sérhæfa sig í. Þeir sinna kennslu og fá leiðsögn reyndra leiðsagnarkennara og er þeirri leiðsögn ætlað að efla bæði starfshæfni nema og fagmennsku. Í vettvangsnámi er nema ætlað að sýna frumkvæði og virkni og taka þátt í öllu daglegu starfi eftir því sem við verður komið.

Vettvangsnám er sá hluti kennaranáms sem fram fer á sjálfum starfsvettvangnum og er jafnframt hluti námskeiða í almennri kennslufræði og kennslufræði faggreina. Á þeim námskeiðum fer fram undirbúningur fyrir vettvangsnám og þar gefst kennaranemum tækifæri til að skoða reynslu sína af vettvangi skólans í fræðilegu ljósi.

Megintilgangur vettvangsnáms er að gefa kennaranemum tækifæri til að þróa fagmennsku sína á vettvangi. Þar fá þeir tækifæri til að kynnast öllum hliðum skólastarfs og gera sér grein fyrir hvað felst í starfi grunnskólakennara. Þeir þurfa að ná tökum á kennarastarfinu, átta sig á ábyrgð umsjónarkennara, þekkja hvernig lög og reglur skapa ramma um skólastarf og siði og venjur í samskiptum við forráðamenn og aðra aðila sem koma að skólastarfi.

### **Hæfniviðmið:**

Að loknu kennaranámi þekki kennaranemar starfsemi grunnskóla og geti:

- Skipulagt skólastarf þar sem komið er til móts við alla nemendur.
- Kennt á öllum aldursstigum grunnskólans.
- Byggt upp kennsluferli í faggrein sinni með vísan í þekkingu á námsgrein/námssviði og kennslufræði.
- Fjallað af skilningi um fjölbreyttar hliðar skólastarfs og þekki helstu þætti sem kennarar bera ábyrgð á í starfi sínu.
- Tekið þátt í samstarfi kennara við uppbyggingu námsumhverfis og kennslu.
- Gert grein fyrir eigin starfskenningu sem þeir hafa mótað á grundvelli reynslu af vettvangi og ígrundun í fræðilegu ljósi.

### **Fylgiskjal I**

#### **Áhorf /aðstoðarkennsla**

Tengiliður kemur á fundi með leiðsagnarkennurum og öðrum kennurum sem kennaraneminn heimsækir þannig að áhorf verði markvisst.

Kennaranemi fær tækifæri til að leiðbeina nemendum í verkefnum og aðstoðar kennara og nemendur við ýmis önnur störf. Neminn ber ekki ábyrgð á kennslunni í heild sinni og í samræðum í lokin getur hann borið upp spurningar sem vakna.

#### **Kennaranemi:**

- skoðar hvernig kennari mætir nemendum
- skoðar hvernig kennari bregst við ólíkum þörfum nemenda
- kynnist kennsluaðferðum
- skoðar hvers konar stuðning nemendur fá
- athugar samskipti nemenda innbyrðis
- athugar samskipti kennara og nemenda
- kynnist nemendum; hefur m.a. í huga fjölbreytileika þeirra og líðan
- skoðar umhverfið og áhrif þess á námið
- athugar námsgögn og tæki sem notuð eru

- Sett fram faglega rökstuddar hugmyndir um skólastarf og þróun þess.

Það er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og samstarfsskólanna að styðja kennaranemana við að ná framgreindri hæfni. Þeir þurfa því að fá tækifæri til að öðlast reynslu á vettvangi sem felur í sér:

- vinnu að gerð kennsluáætlana í samstarfi við aðra kennaranema, háskólakennara og leiðsagnarkennara á vettvangi.
- að öðlast yfirsýn yfir helstu þætti í störfum umsjónarkennarans.
- að afla sér þekkingar á leiðum til að skapa skilyrði fyrir alla nemendur til að stunda nám við hæfi í skóla án aðgreiningar.
- beitingu mismunandi kennsluáferða og kennslu ýmissa námsgreina.
- vinnu við ýmsa þætti námsmats og skólanámskrár.
- öflun gagna, athuganir og rannsóknir og úrvinnslu þeirra á skipulegan hátt
- að byggja upp staðgóða þekkingu á kennslu í einni námsgrein/námssviði.

## Áherslur í vettvangsnámi

Í vettvangsnáminu er stuðlað því að mynda samfellu sem felur í sér stíganda milli ára. Kennaranemarnir eru leiddir inn í starfið á vettvangi. Þeir byrja í áheyrn til að kynnast nemendum og aðstæðum og eftir því sem á líður taka þeir aukinn þátt í kennslu og öðlast dýpri skilning á öðrum þáttum kennarastarfsins. Samstarfsskólarnir hafa mótandi áhrif á vettvangsnámið í sínum skóla og námið sem þar fer fram er mikilvægur hluti kennaramenntunar.

Vettvangsnámið er alltaf hluti af námskeiðum í grunnskólakennaranáminu og er talið til eininga. Miðað er við að hver vettvangseining feli í sér 15 klukkustunda viðveru á vettvangi og að jafnaði taki nemandur þátt í og skipuleggi 6–9 kennslustundir fyrir hverja einingu. Í öllum námskeiðum í kennaranáminu er gert ráð fyrir einhverjum tengslum við vettvang og eru þær tengingar ekki sérstaklega taldar til eininga. *Vettvangseiningar* geta verið með ýmsu móti, s.s. gagnaöflun, samráð um afmörkuð viðfangsefni, heimsóknir tengdar sérstökum viðburðum, viðtöl eða rannsóknir af einhverju tagi.

Í fimm ára kennaranámi er vettvangsnámið að lágmarki 39 einingar af 300 eða um það bil 13% námsins. Kennaranemar geta aukið vettvangsnámið með því velja námskeið með vettvangsnámi sem frjálst val.

## Fylgiskjal II

### Bekkjarstjórnun

Eftirtalin atriði getur kennaranemi haft í huga þegar hann skoðar kennslu á vettvangi eða þegar hann ber sjálfur ábyrgð á kennslu:

- fyrirkomulag skólastofu
- vinnuskipulag
- upphaf kennslustunda
- persónuleika kennarans
- raddbeitingu kennara
- gefur kennari skýr fyrirmæli?
- kennsluáferðir
- virkni nemenda
- hvernig athygli kennarans beinist að nemendum
- hvernig athygli kennarans beinist að ólíkum kynjum
- tekur kennari tillit til ólíkra þarfa nemenda?
- hvernig kennaranemi getur nálgast nemendur sem best
- lok kennslustunda

## **Grunnnám**

### ***Fyrsta ár***

Kennaranemar í grunnskólakennarafræði fara í fyrsta vettvangsnám sitt að hausti fyrsta námsársins þar sem þeir kynnast grunnskólanum sem stofnun og eru þar við nám og störf í eina viku (2 einingar). Þessi fyrsti áfangi vettvangsnáms felur að mestu í sér áheyrn þar sem nemar kynnast skólafarfi, skipulagningu og framkvæmd kennslu og öðrum þáttum skólafarfs. Sérstök áhersla er lögð á að þeir kynnist íslenskukennslu. Vettvangsnámið er hluti af tveimur námskeiðum: *Nám og kennsla – inngangur og Inngangur að íslensku sem faggrein*.

Á námskeiðinu *Nám og kennsla – inngangur* er fjallað um forsendur náms, starfsumhverfi kennara, námskenningar og námsumhverfi. Áhersla er lögð á að tengja nám og kennslu við rannsóknir og námskenningar og við lykilatriði sem nýtast í kennslu allra aldurs hópa, svo sem í tengslum við undirbúning kennslu, markmið, ólíkar kennsluáðferðir, samskipti og samstarf. Kennaranemar tengja þessa þætti verkefnum á vettvangi, hugmyndum um fagmennsku og þróun eigin starfskenningar.

Á námskeiðinu *Inngangur að íslensku sem faggrein* kynnast kennaranemar meginmarkmiðum náms í íslensku í grunnskóla. Fjallað verður um stöðu greinarinnar, námsþætti íslensku samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* og tengsl við aðrar greinar. Fjallað er um grundvallarhugtök í málfræði og bókmenntafræði og gefin dæmi um fjölbreyttar leiðir og miðla við kennslu sem stuðla að skilningi og áhuga nemenda á viðfangsefnum í íslensku, m.a. út frá grunnþáttum menntunar.

Nemar eru í vettvangsnámi í tvær vikur (4 einingar) að vori fyrsta árs sem er hluti af námskeiðunum *Nám og kennsla yngri nemenda í grunnskóla* og *Nám og kennsla eldri nemenda í grunnskóla*. Nemar velja á milli þessara tveggja námskeiða. Áhersla er lögð á að þeir vinni eigin kennsluáætlun og reyni sig í kennslu á viðkomandi aldursstigi. Nemar skipuleggja kennslu í samráði við háskólakennara og leiðsagnarkennara og kenna sína fyrstu kennslu eftir kennsluáætlun sinni. Markmið þessara námskeiða er að kennaranemi öðlist þekkingu á almennri kennslufræði og hæfni til kennslu sem hann geti síðar nýtt í þeim faggreinum sem hann sérhæfir sig í. Áhersla er lögð á skipulag kennslu, og önnur kennslufræðileg viðfangsefnum svo sem aga og bekkjarstjórnun, áhugahvöt nemenda og fjölbreytileika í nemendahópi.

### ***Annað og þriðja ár***

Í vettvangsnámi annars og þriðja árs kennaranámsins er áhersla lögð á kennslu faggreina. Kennaranemar velja sér eina faggrein og fara tvisvar í vettvangsnám (3 einingar) í sinni grein. Í boði eru eftirfarandi tólf faggreinar/kjörsvið:

- erlend mál (enska, danska)
- hönnun og smíði
- íslenska
- kennsla ungra barna í grunnskóla
- myndmennt,
- matur, menning, heilsa
- náttúrufræði
- samfélagsgreinar
- stærðfræði
- textíll: hönnun, listir, nýsköpun
- tónlist, leiklist, dans
- upplýsingatækni og miðlun.

Vettvangsnámið er hverju sinni hluti af tilteknu námskeiði og undirbúa nemar sig í samráði við kennara námskeiðsins og leiðsagnarkennara. Sjónum er beint að mikilvægi þess að byggja upp samfellu í námi grunnskólanemenda þar sem meginhugmyndir hvers inntaksþáttar verða sífellt skýrari og víðtækari.

Kennaranemar prófa mismunandi leiðir við kennslu og er sérstök áhersla lögð á notkun fjölbreyttra miðla og námsgagna. Þeir fá reynslu af notkun fjölbreyttra kennsluaðferða í faggrein sinni og kynnast leiðum við námsmat. Kennaranemar eiga á grundvelli reynslu á vettvangi að ígrunda kennsluhætti, val á viðfangsefnum, hlutverk kennarans og samskipti við nemendur og nemenda í milli. Nemarnir eiga að efla hæfni sína og þekkingu til að kenna faggrein sína þannig að allir nemendur fái kennslu við hæfi. Nemar eru almennt á vettvangi þrjár vikur hvort ár í faggrein sinni og námskeiðunum, *Aðferðafræði og menntarannsóknir* og *Námskrá og námsmat*, samtals 9 einingar.

Nánari upplýsingar um námið er að finna í kennsluskrá

## Framhaldsnám

### *Fyrsta ár*

Vettvangsnámið er hluti af námskeiðinu *Faggreinakennsla* sem ætlað er nemum úr öllum faggreinum. Kennaranemar eru á vettvangi í fjórar vikur (8 einingar) að vori. Áhersla er lögð á að skerpa vitund nemans sem faggreinakennara og vinnur hann með nemum í öðrum faggreinum verkefni um sameiginlega þætti greinanna og þátttöku í skólastarfinu í heild. Kennaraneminn hefur þegar byggt upp faglega þekkingu og leikni í faggrein sinni og þekkir hinn ytri ramma sem búinn er þeirri grein í grunnskóla í aðalnámskrá. Ætlast er til að kennaranemi noti fjölbreytta miðla og hjálpargögn við kennslu. Kennaraneminn vinnur í samstarfi við leiðsagnarkennara sinn að skipulagi og framkvæmd kennslu.

### *Annað ár*

Vettvangsnámið er hluti af námskeiðinu *Nám og kennsla: Fagmennska í starfi*. Kennaraneminn er á vettvangi allt haustmisserið eða í samtals 40 daga (16 einingar). Kennaranemarnir eru þrjá daga að jafnaði á viku, samtals 18 klukkustundir í vettvangsnámi



þar sem þeir eru við kennslu og vinna að ýmsum öðrum verkefnum í tengslum við námskeiðið. Samhliða vettvangsnáminu eru þeir einn dag í viku í námskeiðsvinnu á Menntavísindasviði þar sem þeir vinna m.a. úr reynslu liðinnar viku og undirbúa þá næstu.

Megináhersla er lögð á hlutverk og skyldur umsjónarkennarans og ábyrgð hans sérstaklega gagnvart velferð barna og foreldrasamstarfi, að styðja kennaranema í að móta heildstæða starfskenningu, efla fagvitund sína, skerpa sýn á kennarastarfið og skilning á þeim skuldbindingum sem starfið felur í sér. Meðal viðfangsefna eru sjálfsrýni og sjálfsmat, samskiptafærni m.a. í samskiptum við foreldra, þjálfun í teymiskennslu og viðtalstækni, áhrif kennarans á bekkjarbrag og mismunandi leiðir við að skipuleggja lýðræðislegt og skapandi skólastarf í fjölbreyttum nemendahópi.

Í vettvangsnáminu er ekki gerð krafa um að neminn kenni tiltekinn fjölda kennslustunda í viku hverri, heldur er það samkomulag milli hans og leiðsagnarkennarans. Kennaranemarnir eru hvattir til að sýna frumkvæði, koma með hugmyndir og taka að sér að útfæra þær í samvinnu við leiðsagnarkennara sína, ásamt því að vera eins konar aðstoðarkennarar og þátttakendur í starfi umsjónarkennara. Nemarnir geta nýtt allt að helming tímans til að kenna viðfangsefni sem tengjast faggreinum þeirra eftir því sem um semst og aðstæður leyfa. Eins og í fyrra vettvangsnámi útbúa kennaranemarnir kennsluáætlun fyrir þær stundir sem þeir kenna og bera undir leiðsagnarkennara sína.

Nánari upplýsingar um námið er að finna í kennsluskrá.

## Samstarfsskólar

Menntun kennara er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs og samstarfsskólanna þar sem áhersla er lögð á sameiginlega ábyrgð, gagnkvæma virðingu og ávinning fyrir alla aðila. Menntavísindasvið Háskóla Íslands gerir samninga við samstarfsskóla.

Í [samstarfssamningi](#) kemur fram að samvinna þessara aðila er tvíþætt. Hún felur annars vegar í sér að samstarfsskólinn tekur að sér að vera heimaskóli ákveðins hóps kennaranema í B. Ed. náminu og taki einnig á móti kennaranemum einkum í meistaranámi. Hins vegar taka þeir þátt í samstarfi um skólaþróun og kennaramenntun almennt þar sem lögð er áhersla á gagnkvæman ávinning.

Menntavísindasvið ber ábyrgð á að skipuleggja vettvangsnám og koma á tengslum milli kennaranema og viðkomandi heimaskóla. Menntavísindasvið leggur ennfremur grunn að mati á vettvangsnámi. Kennarar á sviðinu í einstökum námskeiðum fjalla um rannsóknir og fræðilegan bakgrunn fyrir námi og kennslu, styðja nemana við undirbúning og tengja reynslu kennaranema og skólastarf. Þeir sjá einnig um framkvæmd í samráði við samstarfsskóla og kennaranema.

Miðað er við að kennaranemi á höfuðborgarsvæðinu fái heimsókn frá háskólakennara að minnsta kosti einu sinni í grunnnámi og í báðum vettvangsnámskeiðum í framhaldsnámi. Háskólakennari nýtir upplýsingatækni á fundum sínum með kennaranemum og leiðsagnarkennurum á landsbyggðinni. Í heimsóknnum sínum á vettvang hittir háskólakennari tengilið, leiðsagnarkennara og kennaranema. Í heimsóknunum fylgist háskólakennarinn með kennslu nemans og stjórnar samræðum milli sín, leiðsagnarkennarans og nemans um vettvangsnámið og framkvæmd þess. Mikilvægt er að neminn fái að hafa frumkvæði í slíkum samræðum.

### ***Heimaskóli***

Í kennaranámi er miðað við að allir kennaranemar fái heimaskóla í grunnnámi sínu. Þannig fá þeir tækifæri til að kynna einum skóla vel og taka þátt í skólastarfi. Þeir stunda vettvangsnám sitt þar en hafa jafnframt tækifæri til að framkvæma athuganir og/eða rannsóknir í tengslum við kennaranám sitt. Í meistaranáminu er vettvangsnám bæði árin og eru nemar þá ekki í heimaskólum. Fyrri árið vinna nemar í teyllum með kennaranemum úr öðrum faggreinum þar sem áhersla er lögð á samábyrgð faggreinakennara í skólastarfinu en jafnframt sérstöðu hverrar faggreinar. Á seinna árinu vinna þeir með umsjónarkennara í völdum skóla.

### ***Við val á heimaskóla er eftirfarandi haft til hliðsjónar:***

- Einkenni skólans og styrkur
- Faggrein kennaranema eða sérstakar áherslur í námi
- Óskir kennaranema um staðsetningu heimaskóla

### ***Heimaskóli***

- Heimaskóli ber ábyrgð á að skapa sem best skilyrði innan skólans og stuðla að því að neminn fái innsýn í sem flesta þætti skólastarfsins. Þetta felur m.a. í sér að gefa kennaranemum tækifæri til að kynna fyrirmyndarstarfi og prófa sig áfram undir styrki leiðsögn hæfra kennara. Gert er ráð fyrir að heimaskóli leiti stöðugt leiða til að þróa og styrkja starf sitt með tilliti til þess hlutverks sem hann hefur tekið að sér í þessu samstarfi, þ.e. að mennta kennara.
- Fagfólk heimaskóla tekur þátt í menntun kennaranema og stuðlar að dýpkun og samfelli í námi hvers einstaks nema. Við undirbúning vettvangsnáms er gert ráð fyrir að byggt sé á fyrri reynslu nemans og námsmati frá næsta tímabili á undan þar sem það á við.
- Lögð er áhersla á virkni kennaranemans í vettvangsnámi þar sem hann smám saman mótast starfskenningu sína.

### ***Tengiliður - námssamningur***

Hver heimaskóli tilnefnir tengilið sem er í samstarfi við Menntavísindasvið. Hann hefur yfirsýn yfir stöðu þess hóps kennaranema sem skólinn sinnir og gerir *námssamning* við hvern

og einn. Þar er kveðið á um skyldur nemans og skólans og aðgengi nemans að gögnum. Námssamningurinn er milli heimaskólans og kennaranemans. [Sjá nánar](#):

Menntavísindasvið og heimaskóli bera sameiginlega ábyrgð á kennaranemanum í vettvangsnámi. Tengiliður hefur umsjón með ákveðnu ferli varðandi [námsmat](#). Hann kemur upplýsingum um námsmat til leiðsagnarkennara. Þeir bera síðan ábyrgð á námsmati og að ræða það við kennaranema. Mikilvægt er að kennaranemi og leiðsagnarkennari undirriti útfyllt námsmatsblað. Leiðsagnarkennari sendir niðurstöður námsmats til tengiliðs sem sér um að senda það til Menntavísindasviðs.

Tengiliður sendir út tilkynningu til starfsfólks heimaskóla um komu kennaranema, nöfn þeirra, tímabil vettvangsnáms og skyldur.

Tengiliður ber ábyrgð á eftirfarandi þáttum vettvangsnámsins:

- móttöku kennaranema þegar þeir koma í skólann í fyrsta sinn og að halda utan um nemahópinn
- að kynna nema fyrir stjórnendum og öðru starfsfólki skólans ásamt því að kynna fyrir þeim aðstæður, starfsumhverfi, starfsreglur og skólareglur
- miðlun upplýsinga til kennaranema um skólann og starfsemi hans, vali á leiðsagnarkennara og að koma á tengslum milli leiðsagnarkennara og kennaranema
- að ganga frá námssamningi við hvern og einn nema
- að annast milligöngu milli Menntavísindasviðs og skólans og vera vakandi fyrir áhuga og möguleikum á frekara samstarfi
- samstarfi við Menntavísindasvið um undirbúning vettvangsnáms á hverju misseri
- dagskrá og verkáætlun sem skólinn býður upp á fyrir kennaranema á hverju misseri í samráði við aðra kennara viðkomandi skóla. Þar getur m.a. verið um að ræða kynningar eða þátttöku í viðburðum sem gefa kennaranemum betri innsýn í skólastarfið
- áhorfi eða samstarfi við aðra kennara en leiðsagnarkennara þar sem það á við
- að vera nýjum leiðsagnarkennurum til halds og trausts
- að hafa yfirsýn yfir stöðu hvers nema og að gera Menntavísindasviði viðvart ef ætla má að skólinn geti ekki komið til móts við þarfir eða áhugasvið viðkomandi nema eða ef neminn stendur ekki við skyldur sínar
- að leiðsagnarkennarar hafi upplýsingar um hvernig staðið skuli að námsmati og að senda eigi útfyllt námsmatsblöð til Menntavísindasviðs.

## Kennaranemi

Vettvangsnám er hluti af námskeiðum í grunnskólakennarafræði. Kennaranemi hefur samband við tengilið heimaskóla síns í upphafi hvers misseris og gerir grein fyrir væntanlegu vettvangsnámi á misserinu. Mikilvægt er að gengið hafi verið frá námssamningi áður en vettvangsnám hefst. Í flestum tilvikum fær kennaranemi sérstakan leiðsagnarkennara og er hann valinn með tilliti til þeirra námskeiða sem neminn er í hverju sinni. Neminn veitir upplýsingar um námskeið sem hann hefur lokið og tengjast væntanlegu vettvangsnámi og gerir grein fyrir þeim væntingum sem hann ber til vettvangsnámsins.

Kennaraneminn fyllir út [skipulagsblað](#) um vettvangsnám þar sem m.a. kemur fram nafn og netfang leiðsagnarkennarans og háskólakennarans. Þessum upplýsingum kemur neminn til Menntavísindasviðs og aðila sem tilgreindir eru á skipulagsblaðinu.

Kennaranemi þarf að hafa í huga:

- að hafa samband við tengilið í upphafi misseris
- að hafa samband við leiðsagnarkennara. Það skal gert í tölvupósti um leið og neminn hefur fengið gefið upp nafn leiðsagnarkennara og netfang
- að snúa sér til leiðsagnarkennara/tengiliðs til að fá aðstoð við að afla gagna vegna verkefnavinnu
- að vinna undirbúningsvinnu fyrir kennslu í samráði við leiðsagnarkennara og háskólakennara sem meðal annars felst í því að gera áætlun fyrir hvert verkefni eða kennslustund og skila henni til leiðsagnarkennara með góðum fyrirvara svo hann geti gert athugasemdir og gefið viðeigandi leiðbeiningar.
- að skrá hugleiðingar eða minnisatriði um allar kennslustundir og annað skólastarf sem hann tekur þátt í sem áhorfandi, aðstoðarkennari eða kennari og þróa þannig skilning sinn á öllum aðstæðum, viðfangsefnum og nemendum
- að safna öllum gögnum í ferilmöppu
- að hafa samráð við leiðsagnarkennara um viðveru
- að tilkynna um veikindi tímanlega til tengiliðs/leiðsagnarkennara
- að gæta trúnaðar og ræða ekki utan skólans einstaka nemendur eða atvik sem hafa átt sér stað
- að sýna tillitssemi gagnvart öllum starfsmönnum og nemendum skólans
- að snúa sér til leiðsagnarkennara síns eða tengiliðar ef upp koma vandamál, eða ágreiningur, sem metur hvort hægt er að leysa málið á vettvangi eða hvort hafa þarf samband við Menntavísindasvið.

### Fylgiskjal III

#### Ígrundun kennaranema

Nokkur atriði sem kennaranemi getur haft til hliðsjónar þegar hann ígrundar kennslustund sína:

- upphaf og lok kennslustundar
- voru fyrirmæli skýr?
- voru viðfangsefni við hæfi?
- fengu nemendur viðfangsefni sem leiddu til sjálfstæðra vinnubragða?
- voru nemendur áhugasamir?
- náði ég góðum tengslum við nemendur?
- hafði ég stjórn á aðstæðum?

Fagmennska nemans endurspeglast í frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Hann þarf að leggja sig fram við undirbúning vettvangsnámsins. Hann þarf jafnframt að þekkja og hafa góð tök á verkefnum sínum og viðfangsefnum og ígrunda eigin kennslu og önnur störf á vettvangi. Hann þarf að afla sér þekkingar á nemendum og temja sér jákvæðar og raunhæfar væntingar til þeirra. Mikilvægt er að neminn leiti eftir leiðsögn og bregðist jákvætt við henni.

Kennaranemi ber ábyrgð á að nýta sér sem best það námsumhverfi sem Menntavísindasvið og skólarnir skapa honum í sameiningu. Hann leggur einnig drög að starfskenningu sinni með reynslu sinni af vettvangsnámi og samstarfi við leiðsagnarkennara með því að afla gagna um hugmyndafræði og starfshætti með skipulögðum hætti, s.s. með athugunum og rannsóknum.

Mikilvægt er fyrir nemana að verja eins miklum tíma á vettvangi og mögulegt er, fylgja kennurum í fjölbreyttu starfi þeirra og framkvæma athuganir við fjölbreyttar aðstæður. Kennaranemar hafi samstarf sín á milli og geti unnið að ýmsum verkefnum innan skólans og/eða þvert á skóla. Gagnlegt er að nemar íhugi og skrifi um reynslu sína jafnóðum.

## Leiðsagnarkennari

Hlutverk leiðsagnarkennara er mjög mikilvægt í kennaranáminu. Hann þarf að hafa trausta þekkingu á faggrein sinni, kennslufræði hennar, markmiðum og inntaki náms og áherslum í skólanámskrá. Hann þekki skólann sinn vel, bæði ytra og innra skipulag. Honum ber að leiðbeina kennaranemanum, vera hvetjandi, uppbyggjandi og styðjandi. Hann þarf enn fremur að beita uppbyggilegri gagnrýni sem miðar að því að kennaranemi bæti sig þar sem það á við.

Leiðsagnarkennari miðli til kennaranema hagnýtum upplýsingum og ábendingum:

- um kennsluáætlun leiðsagnarkennarans/heimskóla á tímabilinu
- sem kennaranemi getur notað við gerð kennsluáætlunar sinnar. Hann vinnur kennsluáætlun sína í samráði við háskólakennara og leiðsagnarkennara á vettvangi. Þar þarf að taka mið af hæfniviðmiðum, markmiðum og kennsluáætlun viðkomandi námskeiðs við Menntavísindasvið.
- um stöðu nemenda í heimaskólanum þegar kemur að undirbúningi fyrir kennslustundir og veiti honum stuðning í kennslunni
- sem veita nemanum stuðning við að flétta saman fræði og starf á markvissan hátt
- við undirbúning ýmissa verkefna sem snúa að kennslu

Leiðsagnarkennari býr nemandur undir fjölbreytt starf kennarans og miðlar hugmyndum og ábendingum. Leiðsagnarkennari styður kennaranema við að greina styrkleika sína og veikleika og setja sér markmið á grundvelli þekkingar sinnar um leið og hann skapar nemanum aðstæður til að vinna að þeim markmiðum.

Leiðsagnarkennari er ráðgjafi nema, leiðbeinir honum við kennslu og metur frammistöðu hans. Hann beinir sjónum nemans að því hvernig nemendur læra og er til aðstoðar við að meta viðfangsefni

### *Fylgiskjal IV*

#### *Kennsluáætlun*

Kennaranemi hefur samband við tengilið á vettvangi sem kemur honum í samband við væntanlegan leiðsagnarkennara vegna fyrirhugaðrar kennslu hans. Neminn fær í hendur kennsluáætlun leiðsagnarkennara, upplýsingar um kennslufyrirkomulag; hvort um er að ræða hefðbundna bekkjarkennslu, samkennslu, opinn skóla eða annað fyrirkomulag.

Kennaranemi fær að vita hvar nemendur eru staddir í námsefninu, upplýsingar um stöðu nemenda í bekknum, kennslufyrirkomulag og aðbúnað.

Taka skal fram að nemi kemur ekki inn sem tilbúinn kennari, hann mun starfa undir leiðsögn þar sem leiðsagnarkennari ber endanlega ábyrgð á kennslunni.

Kennaranemi kemur með hugmyndir að verkefnum sem hann óskar að leggja fyrir og um þau verkefni er samráð milli námskeiðskennara/leiðsagnarkennara og kennaranema.

kennaranemans og verkefni með tilliti til mismunandi getu og þarfa nemenda. Einnig beinir hann sjónum nemans að samstarfi við annað starfsfólk skólans og foreldra/forráðamanna.

Í upphafi vettvangsnáms þarf að fara fram samræða milli leiðsagnarkennara og kennaranema. Endurgjöf fer fram eftir kennslu nemans á tíma sem ákveðinn hefur verið fyrirfram. Um er að ræða samtöl þar sem leiðsagnarkennari og kennaranemi bera báðir ábyrgð og fram komi þekking og skoðanir beggja sem leiði til farsæls samstarfs. Gott er að munnleg endurgjöf fari fram strax eftir að kennslustund eða degi lýkur. Einn af kostum munnlegrar endurgjafar er að þar fara fram gagnkvæm skoðanaskipti sem byggjast á upplifun nema á frammistöðu sinni í kennslustundinni, kennsluaðferðum, samskiptum við nemendur, viðbrögð við óvæntum uppákomum og athugunum leiðsagnarkennara. Farið er yfir það sem vel hefur gengið og það sem betur hefði mátt fara.

Þegar nemar vinna saman á vettvangi sækja þeir styrk til samstarfsfélaga og geta veitt hver öðrum endurgjöf. Leiðsagnarkennari metur hvort allir nemar eigi að vera viðstaddir endurgjöf hans. Nemi getur einnig óskað eftir að vera einn í samtali við leiðsagnarkennara.

Leiðsagnarkennari þarf að hafa í huga:

- að veita nemanum frelsi til athafna
- að báðir hafa skilgreinda ábyrgð
- að styðja nemann við að rýna í kennsluhætti sína; rýna í framkomu, val á kennsluaðferðum, samskipti við nemendur og tímasetningar í kennslunni
- að ræða við nemann um framgang hans í vettvangsnáminu
- að miða endurgjöf við reynslu og þekkingu kennaranemans

## Háskólakennari

Kennarar við Menntavísindasvið hafa frumkvæði að samstarfi við leiðsagnarkennara og kennaranema. Á námskeiðum er lagður fræðilegur grunnur námsins, vettvangsnám undirbúið og neminn fær stuðning við að tengja saman fræði og starf.

Kennarar Menntavísindasviðs senda tölvupóst út til skólanna, halda fundi með tengiliðum og leiðsagnarkennurum eða hafa samband við skólana á annan hátt eftir aðstæðum. Gott er að kennaranemar fái einnig þann tölvupóst sem sendur er til skólanna. Miðað er við að allir nemar á höfuðborgarsvæðinu fái kennara frá Menntavísindasviði í heimsókn að minnsta kosti einu sinni á meðan á námi þeirra stendur. Þar fari fram þríhliða umræða kennaranemans,

### Fylgiskjal V

#### Endurgjöf

Við endurgjöf er gott að hafa í huga eftirfarandi atriði:

- Mikilvægt að huga vel að sætaskipan og vera í þægilegu umhverfi
- Andrúmsloft þarf að vera jákvætt og stuðla þarf að jákvæðum lokum fundarins
- Leiðsagnarkennari gefur nægan tíma
- Leiðsagnarkennari aðstoðar nemann við að greina eigin kennslu
- Gæta þarf að uppbyggilegri gagnrýni
- Neminn setji sér markmið

leiðsagnarkennarans og kennara frá Menntavísindasviði. Þegar heimsókn verður ekki við komið er komið á fundi þessara þriggja aðila með aðstoð upplýsinga- og samskiptatækni.

Háskólakennari þarf að hafa í huga:

- kennaranemi hafi rými til að samræma kröfur háskólans og kennsluáætlanir leiðsagnarkennara/heimaskóla
- að koma á samræðu milli kennaranema, leiðsagnakennara og háskólakennara
- kynni fyrir nemum fjölbreyttar leiðir í kennslu greinarinnar
- að styðja nema í að færa fagleg rök fyrir ákvörðunum sínum í kennslu.
- styðja nema við gerð kennsluáætlana og aðstoða þá við að setja sér raunhæf og krefjandi markmið
- að tryggja stíganda í kröfum til kennaranema
- að setja fram fagleg rök fyrir vali sínu á viðfangsefni og nálgun
- að leggja grunn að góðum samskiptum við leiðsagnarkennara og tengiliði
- að háskólakennarar eru fulltrúar Menntavísindasviðs í heimsóknum sínum á vettvang og mikilvægt er að þeir ræði við tengiliði í heimsóknum sínum
- að hafa samráð við leiðsagnarkennara um heimsóknir og samskipti við vettvang
- upplýsa tengiliði og leiðsagnarkennara um þau námskeið sem vettvangsnámið er hluti af.
- að taka mið af verklagi Menntavísindasviðs við skipulagningu vettvangsnáms

## Námsmat

Mikilvægt er að kennaranemar, tengiliðir og leiðsagnarkennara þekki vel viðmið sem lögð eru til grundvallar mati á vettvangsnámi. Á námsmatseyðublaði kemur fram hvaða upplýsingar liggja til grundvallar skriflegu lokamati. Námsmatseyðublaðinu fylgir viðmiðarammi. Meginþættir eru: *Samskipti við skóla, Þekking, innsýn og skilningur og Kennsla og samskipti við nemendur*. Áhersla er lögð á að nemi stundi vettvangsnámið samvisskusamlega og taki mið af reglum og viðmiðum grunnskólans sem vettvangsnámið fer fram í. Hann þarf að sýna þekkingu á faglegu inntaki og kennsluháttum og leggja sig fram við að vera í góðum samskiptum við nemendur. Vettvangsnámið er metið af leiðsagnarkennara og kennaranema þar sem neminn ígrundar eigin frammistöðu og fær tækifæri til að ræða um styrkleika sína og hvað hann vill bæta í tengslum við eigin fagmennsku. Leiðsagnarkennari fyllir út [matsblað](#) frá Menntavísindasviði og hefur [viðmiðunarramma](#) til hliðsjónar. Hann skilar svo eyðublaðinu til tengiliðar. Þar koma fram styrkleikar og veikleikar kennaranemans og matinu er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir kennaranemann fyrir áframhaldandi nám og starf á vettvangi. Gert ráð fyrir að nemi fái eintak af lokamati.

Vettvangsnámi telst lokið þegar fram hefur farið námsmat og kennaranemi og leiðsagnarkennari hafa skrifað undir. Nauðsynlegt er að tengiliður sendi mat á vettvangsnámi berist Menntavísindasviði strax að vettvangsnámi loknu, eigi síðar en innan tveggja vikna.



### ***Ferilmappa vettvangsnáms***

Nauðsynlegt er að kennaranemi haldi saman gögnum sem sýna framvindu vettvangsnáms. Miðað er við að hver nemi fái aðgang að rafrænni ferilmöppu til þess að auðvelda honum að safna gögnum saman og nýta þau til að greina stöðu sína og setja sér áframhaldandi markmið. Ferilmappa er hluti af námsmati námskeiða sem fela í sér vettvangsnám og er ætlað að sýna stíganda og þróun í átt að fagmennsku í námi kennaranema.

*Hér eru nokkur dæmi um innihald:*

- Gögn um vettvangsnám; hvaða námskeið eru með vettvangseiningum, lengd vettvangsnáms, heiti kennarra og faggrein.
- Markmið og áætlanir fyrir hvert tímabil
- Námskeiðum lokið
- Námsmat leiðsagnarkennara og ábendingar frá skólanum eftir hvert tímabil
- Afrit af námssamningi við heimaskóla

## Óvænt atvik

Menntavísindasvið og samstarfsskólar ítreka við kennaranema að skóli er viðkvæmur vinnustaður þar sem gildi eins og ábyrgð, traust og virðing skipta miklu máli. Mæta þarf ýmsum óvæntum atvikum sem upp geta komið í vettvangsnámi. Hér verður fjallað um nokkur atriði.

### *Nemi hverfur frá námi*

Nemi þarf að tilkynna strax tengilið og Menntavísindasviði ef hann hverfu frá námi.

### *Trúnaðarrestur/skortur á virðingu og tillitssemi*

Ef upp kemur sú staða að nemi eða leiðsagnarkennari upplifir trúnaðarrest eða skort á tillitssemi ber honum að ræða það fyrst við hinn aðilann. Ef þeir finna ekki lausn á vandanum snúa þeir sér til tengiliðar sem annast samskipti við Menntavísindasvið sem tekur ákvörðun um framvindu málsins.

### *Leiðsagnarkennari sinnir ekki nema*

Telji nemi að honum sé ekki sinnt og að hann geti ekki rætt það við leiðsagnarkennara sinn ætti hann að snúa sér til tengiliðar skólans eða Menntavísindasviðs.

### *Veikindi*

Nema ber að skila læknisvottorði ef um langvarandi veikindi er að ræða á meðan vettvangsnám stendur yfir. Ef um veikindi er að ræða skal nemi vinna upp óunnar stundir. Mikilvægt er að nemi tilkynni veikindi til tengiliðs.

### *Nemi sinnir ekki vettvangsnáminu*

Leiðsagnarkennari skal láta tengilið vita ef nemi mætir ekki til starfa, kemur illa undirbúinn eða sinnir ekki skyldum sínum á vettvangi á einhvern annan hátt. Tengiliður kemur slíkum upplýsingum áfram til Menntavísindasviðs. Nauðsynlegt er að vettvangsnámi sé vel sinnt og að það hafi forgang hjá nemanum.

### *Nemi telst ekki standast lágmarkskröfur ef:*

- Nemi er illa undirbúinn
- Nemi treystir um of á vinnu annarra nema sem hann vinnur með á vettvangi
- Nemi sinnir ekki skyldum sínum
- Nemi ræður ekki við grunnþætti starfsins

Ef nemi stenst ekki lágmarkskröfur í vettvangsnáminu um framfarir og vinnubrögð skal Menntavísindasviði tilkynnt það sem allra fyrst. Fulltrúi Menntavísindasviðs kemur þá og fylgist með kennslu og ræðir málin við neman og leiðsagnarkennarann. Nemi fær tækifæri til að taka sig á. Ef það er mat leiðsagnarkennara og fulltrúa Menntavísindasviðs að nemi hafi ekki tekið nægum framförum er vettvangsnámstímabilið lengt eða fundin önnur úrræði. Leiðsagnarkennari, í samráði við fulltrúa Menntavísindasviðs og stjórnendur skóla, ákveður

hvort endurtekningin getur orðið í sama eða í öðrum skóla. Slík endurtekning er aðeins heimil einu sinni. Lokaákvörðun um framlengingu eða endurtekningu er tekin af Menntavísindasviði en í samráði við leiðsagnarkennara.

## Heimildir um vettvangsnám

Við gerð handbókarinnar var stuðst við margvíslegt efni um vettvangsnám. Á Menntavísindasviði voru árin 2008 og 2011 unnar tvær skýrslur um stefnu og viðhorf til vettvangsnáms. Þessar skýrslur voru lagðar til grundvallar við gerð þessarar handbókar. Til fróðleiks er hér settur aðgangur að handbókum fyrir vettvangsnám í leikskóla og framhaldsskóla. Í bók Ragnhildar Bjarnadóttur um leiðsögn er að finna mikinn fróðleik og hugmyndir sem nýst geta leiðsagnarkennurum, tengiliðum, háskólakennurum og kennaranemum til að gera vettvangsnámið farsælt fyrir alla.

Anna Kristín Sigurðardóttir (ritstjóri). (2008). *Vettvangsnám í kennaramenntun og samstarf við starfsvettvang. Greinargerð og tillögur frá starfshópi um vettvangsnám*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

Bryndís Garðarsdóttir. (2015). *Vettvangsnám í leikskólakennarafræði – [handbók](#)*

Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjóri). (2005). *Nýliðinn – handbók vettvangsnáms kennaranema í framhaldsskóla*

Ragnhildur Bjarnadóttir. (2015). *Leiðsögn – Lykill að starfsmenntun og skólaþróun*

Sigríður Pétursdóttir (ritstjóri). (2011). *Skýrsla starfshóps um vettvangsnám*

Innan tíðar er von á betrubættri [heimasíðu](#) vettvangsnáms þar sem meðal annars verður aðgangur að öllum þeim eyðublöðum sem þeir sem koma að máli gætu þurft.